

Yfirskrift	Stjórnarfundur Félags forstöðumanna ríkisstofnana			
Stjórnarfundur nr. 2	Dagsetning	4. febrúar 2020	Tími	12:00 – 13:45
Fundarstaður	Skrifstofa FFR, Hverfisgötu 105, Reykjavík			
Fundarstjóri	MH			
Ritari	KS			
Á fundinn mættu:	Árni Bragason (ÁB), Ársæll Guðmundsson (ÁG), Ásdís Ármannsdóttir í gegnum Skype (ÁÁ), Halldór Ó. Sigurðsson (HÓS), Harpa Þórsdóttir (HP), Kristján Sverrisson (KS), Margrét Hauksdóttir (MH) og Jóhanna Á. Jónsdóttir, framkvæmdastjóri félagsins.			
Fjarverandi				
Fylgiskjöl				
Vistun gagna	JÁJ			

Fundargerð stjórnarfundar FFR 4. febrúar 2020

1. Fundargerð 7. janúar 2020

Fundargerð stjórnarfundar frá 7. janúar 2020 samþykkt.

2. Fundargerð félagsfundar 11. desember 2019

Átta félagsmenn á síðasta félagsfundi vildu halda áfram með erindi þeirra forstöðumanna sem kjararáð vísaði frá þegar kjararáð var lagt niður. Aðrir félagsmenn voru hlutlausir og engir voru andvígir. Samþykkt að fá Jóhanna hafi samband við Óskar hjá Advel og óski eftir því að hann mótí tillögu um orðalag, og óski jafnframt eftir kostnaðaráætlun og mati Óskars á hópmarksólkn. Í framhaldinu mun stjórn FFR taka þessa tillögu til skoðunar og meti kostnað.

3. Launahækkun forstöðumanna

Forstöðumenn fengu ekki launahækkun þann 1. janúar 2020 þrátt fyrir að lög nr. 70/1996 kveði á um að ráðherra skuli meta árlega hvort ástæða sé til að hækka laun forstöðumanna. Samþykkt að stjórnin vinni þetta mál áfram og krefjist svara frá fjármálaráðuneytinu.

4. Auglýsing um starf framkvæmdastjóra FFR

Yfir 30 umsóknir bárust um starf framkvæmdastjóra FFR. Samþykkt að MH og HÓS fari yfir umsóknir og ræði við umsækjendur.

5. Bréf umboðsmanns Alþingis til ráðherra

Rætt var um bréf umboðsmanns Alþingis til ráðherra þar sem hann óskaði svara vegna ráðningarfærlis og skipunar hæfnisnefndar.

6. Starfsmenntunarsjóður og KMR

Engin svör hafa borist frá Starfsmenntunarsjóði þrátt fyrir ítrekanir frá JÁJ og MH. Þá hefur HÓS ekki heldur fengið svör við fyrirspurn sinni sem hann sendi KMR þann 7. janúar sl. Samþykkt að ræða á samráðsfundi með KMR tregðu KMR við að svara erindum FFR.

7. Ríkisforstjórar

Stjórnin sammála um að ríkisforstjórar ekki eki samleið með forstöðumönnum ríkisstofnana. Tillaga MH samþykkt um að skrifa bréf þar sem fram komi að ríkisforstjórar falli ekki undir lög félagsins og að hagsmunir forstöðumanna ríkisstofnana fari ekki saman við hagsmuni ríkisforstjóra. JÁJ skoðar með MH

8. Aðildarbeiðni að FFR

Fyrrum forstöðumaður ríkisstofnunar óskaði eftir því að fá aðild að FFR. Stjórn FFR samþykkti að fresta afgreiðslu málsins.

9. Félagssfundur mars 2020

Samþykkt að halda félagssfund í mars 2020. Samþykkt að JÁJ hafi samband við Sverri Jónsson og Guðrúnu Jóhönnu Guðmundsdóttur hjá KMR og kanni hvort að þau hafi tök á því að vera með almenna kynningu á fundinum um réttindi forstöðumanna. JÁJ hefur einnig samband við kjörnefnd og kannar hvort að nefndin hafi tök á því að kynna nýjar verklagsreglur á fundinum.

Verkefni	Úthlutað til Ábyrgð/pátttaka	Ljúka fyrir
Hafa samband við Óskar hjá Advel v. lúkningu mála hjá kjararáði	JÁJ	
Skipuleggja félagssfund í mars 2020	JÁJ	
Bréf til ríkisforstjóra	MH/JÁJ	
Fá upplýsingar um félagsmenn hjá Árnessjóði	JÁJ	